

1220. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. ágúst 2021, kl. 17:30 í fjarfundi.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Áður en að fundur hófst samkvæmt kynntri dagskrá óskaði Ragnar Þór eftir samþykkt fyrir þeirri dagskrárbreytingu að skotið væri inn nýjum dagskrárlið nr. 7 : „Aukning á láni til Blævar hf.“.

Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð 1219. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1219. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og verður send í rafræna undirritun.

2. Kjaramál – staðan – komandi Alþingiskosningar

Ragnar Þór sagði mörg stór mál sem tengdust kjarasamningum okkar ekki hafa klárast hjá stjórnvöldum nú þegar á að slíta Alþingi og kosningar framundan. Má þar nefna mál eins og til dæmis húsnæðismál, févítin, lífeyrismál og starfskjaralögin svo eitthvað sé nefnt. Þá eru það ekki síður vonbrigði að ekki hafi verið hægt að komast að samkomulagi um aðgerðir um varnir heimilanna en það mál festist allt í nefnd. Þá er það einnig áhyggjuefni að ríkisvaldið hafi ekki gefið línu fyrir sóttvarnaráætlun og séu þau mál því undir hverjum komin og fyrirtækin og verslanir hafa brugðist við með eigin áætlunum t.d. varðandi grímuskyldu ofl. Því var einnig ákveðið að stilla upp áætlun á skrifstofu VR með helmingaskiptingu starfsfólks í vinnu og fjarvinnu.

Unnið hefur verið að því að koma Blæ af stað skref fyrir skref en taka hefur þurft fast á ASÍ og BSRB sem hafa dregið lappirnar í málinu og það tafist óþarflega mikið.

ASÍ er að undirbúa herferð til að gefa okkur vægi í orðræðunni fyrir kosningar t.d. verður gerð könnun um vanefndir ríkisstjórnarinnar.

Þá er unnið að ákvörðun um ASÍ þingið en það er ekki endanlega ákveðið hvort af því verði en ákvörðun verður tekin á miðvikudag í næstu viku.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór frá því að unnið hafi verið að greiningu fyrirtækja sem við getum notað í orðræðunni kringum kjarasamningana. Þá verði einnig gerð könnun um viðhorf til styttingar vinnuvikunnar og er það okkar eigin könnun.

3. Viðbrögð við Covid-19 á skrifstofu VR og í samfélaginu

Ragnar Þór sagðist hafa heyrt að fyrirtækin í landinu væru að fara eigin leiðir í skipulagningu sóttvarna þar sem leiðbeiningar um slíkt vanti frá stjórnvöldum og sýnist honum sem flestir séu að fara í svipaðar aðgerðir og voru þegar takmarkanir voru meiri. Fólk skynjar togstreitu milli sóttvarnarlæknis og ríkisstjórnar. Eins og áður kom fram er það sama uppi á teningnum hér á skrifstofu VR þar sem við skiptum hópnum í tvo hópa þar sem helmingur vinnur í fjarvinnu og einnig eru takmörkuð samskipti milli hólfá. Þetta gildir í tvær vikur og svo tökum við ákvörðun um framhaldið að þeim tíma loknum.

4. Reglur um skipan stjórnarmanna í Lífeyrissjóð verzlunarmanna

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Reglur uppstillingarnefndar VR um skipan í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna“ og „Greinargerð með reglum uppstillingarnefndar í stjórn LIVE 2018“ og sagði að nú fari að renna út skipunartími og því eru reglurnar lagðar fram hér. Spurning sé hvort ástæða sé til að hafa valið með einhverjum öðrum hætti nú en síðast var auglýst eftir áhugasömum með ákveðnum skilyrðum og takmörkunum. Þá fengum við ráðgjafa með okkur í viðtölin og skipuðum valnefnd. Spurningin að hafa þetta bara sambærilegt eða breyta til?

Umræður.

Eftir umræður var ákveðið að hafa fyrirkomulagið óbreytt.

5. Kosning fulltrúa VR á LÍV þing í október 2021

Árni lagði fram skjalið „Minnisblað – Kosning þingfulltrúa VR á LÍV þing 2021“ dags. 9. ágúst 2021 og sagði að nú væri komið að því, eins og áður, að velja þá aðferð sem viðhöfð verði við að kjósa þingfulltrúa VR á þing LÍV sem fyrirhugað er að halda dagana 14. – 15. október 2021 í Hallormsstað. Samkvæmt lögum LÍV er gert ráð fyrir því að kosning fari fram á opnum félagsfundi og þannig er einnig framkvæmdin í öllum félögum sambandsins. Þó er heimild í lögum VR að það megi gera með allsherjaratkvæðagreiðslu og listakosningu í félaginu og var sú aðferð viðhöfð fram til ársins 2015 en frá því hefur

verið horfið og undanfarið kosið á opnum félagsfundi. Er því lagt til að sú aðferð verði viðhöfð í þetta sinn einnig.

Ragnar Þór bar þá upp þá tillögu að kosning þingfulltrúa VR á LÍV þing í október nk. verði viðhöfð á opnum félagsfundi sem boðað verður til samkvæmt lögum.

Samþykkt samhljóða.

6. Þing ASÍ í september 2021

Ragnar Þór sagði skiptar skoðanir vera á því hvort eigi að halda ASÍ þingið nú vegna aðstæðna í þjóðfélaginu í kjölfar aukningar Covid-19 smita. Margir líta á það sem ábyrgðarhlut að stefna fólki saman og einnig gæti það verið litið hornauga af fyrirtækjum að senda starfsmenn í slíkt fjölmenni vegna aukinnar smithættu. Nokkur mál liggja þó fyrir þinginu svo sem er varðar skatt félaga og sambanda til ASÍ. Við greiðum t.d. kringum 140 milljónir króna á ári. Þetta gæti því orðið stefnumarkandi þing á margan hátt ef af því verður.

Umræður.

7. Aukning á láni til Blævar hf.

Stefán lagði fram skjalið „Aukning á láni til Blævar hf.“ dags. 11. ágúst 2021 og kom fram í máli hans að VR hafi í byrjun máí sl lánað Blæ leigufélagi um 199 m.kr. vegna lóðar sem VR og síðar Blæ fékk úthlutað í Úlfarsárdal. Síðan hefur allt gengið hálf brösuglega vegna hægagangs hjá ASÍ og BSRB en nú sé málið þó komið í farveg. Fallið hefur til kostnaður við hönnun sem og fasteignagjöld. Gert er ráð fyrir að þegar frumhönnun liggur fyrir fáist framkvæmdafjármögnun á verkið og eigið fé VR verði greitt inn en það er áætlað 420 m.kr.

Til að hægt sé að halda verkinu áfram vantar Blæ fjármagn fyrir hönnun og öðrum kostnaði. Lagt er til að bætt verði í núverandi lánsamning um 10 m.kr. en hann er um 199 m.kr. en lánið skal greitt til baka eigi síðar en 7. maí 2022.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þá tillögu, eins og að ofan greinir, að lán VR til Blævar hf verði aukið um 10 milljónir króna.

Samþykkt samhljóða.

Fundi er slitið kl. 19:10

Árni Leósson, fundarritari